
FUNDARGERÐ

Fundur: Raforkuhópur 1999-07

Fundartími: Þriðjudagur 5. október 1999 kl. 13:30

Fundarstaður: Orkustofnun, Grensásvegi 9

Fundarefni:

- 1. Endurreikningur raforkuspár, lokafrágangur.**
 - 2. Verkefni ársins 2000.**
 - 3. Önnur mál.**
-

Á fundinn mættu:

Raforkuhópurinn:

Ívar Þorsteinsson

Ólafur Pálsson

Jónas Guðlaugsson

Guðmundur Guðmundsson

Verkfræðistofan Afl:

Jón Vilhjálmsson

1. JV afhenti hverri veitu fyrir sig töflur með endurreiknaðri spá. Hann sagði að endurreikningi á raforkuspánni væri að mestu lokið en ef menn hefðu einhverjar athugasemdir við þessar töflur gætu þeir komið þeim til sín næstu daga. Væntanlega yrði lokið frágangi á spánni í næstu viku. GG fannst aukningin hjá endanlegum notendum hjá Rarik, forgangsorka, nokkuð mikil og ætlar JV að skoða það. RJ bað um að fá töflu 4.7 úr raforkuspánni inn í skýrsluna um endurreikninginn en þar koma fram upplýsingar um orkunotkun stóriðju. Samþykkt var að gera það. RJ sagði að Landsvirkjun óskaði einnig eftir því að stækkun Norðuráls sé tekin með í spána nú og að miðað sé við 1. apríl 2001. JV spurði hvort þörf væri á að fjölríta skýrsluna eða hvort nóg væri að hafa hana á netinu. Fundarmenn vildu fá eintök af spánni og miða við sama fjölda og í fyrra. ÍP benti á að nefna mætti í textanum að skýrslan væri á netinu.
2. JV dreifði drögum að áætlun um verkefni næsta árs. Hann sagði að taxtar fyrir vinnuna væru ekki endanlegir þar sem óljóst væri hvaða hækkunir yrðu upp úr næstu áramótum. Hann sagði að miðað væri við að vinnan væri að mestu með hefðbundnum hætti en eina viðbótin nú væri að skoða húshitunarþátturinn sérstaklega. GG sagði að áhugavert væri að skoða þann þátt og að tengja saman upplýsingar frá ýmsum aðilum svo sem Orkustofnun, Fasteignamatinu og rafveitunum þannig að upplýsingar um hitun húsnæðis lægju fyrir til frambúðar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl 14:40. Næsti fundur ákveðinn 2. nóvember 1999.

Jón Vilhjálmsson

Dreift var á fundinum:

Töflur um raforkunotkun á veitusvæðum einstakra veitna, viðkomandi veita fær töflur um sitt svæði. (JV)

"Vinna Verkfræðistofunnar AFLs fyrir Raforkuhóp Orkuspárnefndar á árinu 2000". Drög 1 (JV)